

Márt 7, 1963

Skógarvördurinn
á Vesturlandi

Vesturlandsumdæmi.

S T A R F S S K Ý R S L A

1 9 6 2

Daniel Kristjánsson,
skógarvörður.

S T A R F S S K Y R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1962.

Girðingar:

Endurgirtur var norðurhluti Jafnaskarðsgirðingar - um Merkjaborg og í Hreðavatn. Þessi hluti var upphaflega gömul fjárgirðing, nær 30 ára og var allt efni gjörónýtt. Lengd hins girta svæðis er um 1 km. (vantar nokkra metra). Notað var net ásamt gaddavír, járnstaurar að mestu. Girðingarstæði er mjög erfitt, nálega hvergi hægt að koma niður staurum og auk þess mjög brött klungur á köflum.

Erfitt reynist oft að verja Jafnaskarðsgirðingu sökum þess hve Hreðavatn minkar á sumrum, einkum him síðari ár. Einnig er Kiðá erfið í leysingum og vatnavöxtum.

Gert var lítið eitt við Sauðhúsaskóggirðingu, en hún er ónýt. Var upphaflega girt úr lélegu efni og er yfir 20 ára gömul. Þá girðingu á annaðhvort að leggja niður eða minka um meir en helming.

Arnbjargarlækjargirðing er ~~upfið~~ og grandar holklaki meðal annars. Miklar kvartanir berast yfir Jörfagirðingu og verður að gera eitt-hvað í því máli fyrir næsta sumar.

Græðireitur:

Úr græðireitnum voru afgreiddar til gróðursetningar, eftirgreindar plöntur:

| | |
|------------|--------------|
| Rauðgreni | 54.000 |
| Sitkagreni | 15.000 |
| Blágreni | 19.000 |
| Skógarfura | <u>2.300</u> |

Samtals 90.300 plöntur

Engu var plantað í reitinn í ár, frekar en hið fyrra ár. Reiturinn var hirtur og áburður borinn að plöntum. Beð voru oft herfuð og illgresi halddið niðri.

I reitnum eru nú eftirgreindar plöntur, er verður að taka næsta ár:

| | | |
|-------------------------|---------------|---------|
| Rauðgreni 2/2 N-Helgel. | 107.000 | plöntur |
| Sitkagreni 2/3 Cordova | 6.500 | - |
| Brodd-og blágreni 2/3 | <u>12.000</u> | - |

Samtals 125.500 plöntur.

Þegar búið er að taka þessar plöntur verður ekkert eftir er máli skiftir og verður þá græðireiturinn eyddur.

Öll vinna aðkomumanna hætti um 22. sept., eftir þann tíma vann eg einn að ýmsum lagfæringum í reitnum.

Gróðursetning:

Vor og sumargróðursetning:

Hvammsgirðing:

| | |
|------------------------------------|----------------|
| Sitkagreni 2/3 Cord. Hallormsst. | 22.200 |
| Sitkagreni 2/3 Homer - | 1.000 |
| Sitkabastarður 2/2 Sawing - | 495 |
| Rauðgreni 2/3 N-Helgeland (Norðt.) | <u>11.825</u> |
| | Samtals 35.520 |

Jósafatslundur í Norðtunguskógi:

Haustgróðursetning:

| | |
|----------------------------------|----------------|
| Rauðgreni 2/2 N-Helgeland Norðt. | 20.000 |
| Blágreni 2/3 Colerado - | 5.000 |
| Sitkagreni 2/3 Homer - | <u>5.025</u> |
| | Samtals 30.025 |

Hreimsstaðagirðing:

| | |
|---------------------------------|---------------|
| Brodd- og blágreni 2/3 Sapinero | |
| | Hallormsst. |
| Rauðgreni 2/2 N-Helgel. Norðt. | <u>400</u> |
| | Samtals 1.000 |

Alls plantað í lönd skógræktarinnar á þessum slóðum 66.545 plöntum.

I Jósafatslund er einvörðungu gróðursett fyrir gjafafé frá Jósafat Jónssyni frá Brandsstöðum í Húnavatnssýslu. Barst fé þetta seint í sumar og fylgdi sú ósk gjöfinni til skógræktarstjóra að gróðursett yrði í Norðtunguskógi og gróðursetningu yrði hraðað. Sú ósk gefandans var uppfyllt.

Grisjun:

Mikil grisjun var framkvæmd í Hvammsgirðingu, einnig var grisjað nokkuð í Jafnaskarðsgirðingu. Þá var Jósafatslundur grisjaður.

I Hvammsgirðingu var notuð kjarrsög ásamt handverkfærum, en í Jafnaskarðsgirðingu er víðast ekki hægt að koma kjarrsög við.

Mikill flýtisauki er að kjarrsög í lágvöxnu kjarri. Nauðsynlegt er að flýta grisjun meira og þyrfti hún að vera á undan gróðursetningu ef fjárráð væru fyrir hendi.

Laufgun - fræfall - vöxtur - tíðarfari:

Skógar laufgaðist um 25 maí og lauffall varð um 20. sept. Vöxtur var í lakara lagi í sumar sökum kulda.

Andstæðingar skógræktarinnar halda því fram að barrskógar þrifist ekki til nytja á Íslandi. Eg hef spurt bessa menn hvaða rök þeir færi fram, en þau eru ekki nærtæk. Vöxtur barrplantna á vesturlandi er aðeins lakari í ár en undanfarið - þó ekki teljandi. Hinsvegar voru tún víða svo kalin - einkum á hálandum stöðum - að stórtjón varð af, og nýræktir víða á landinu gjörónýtar af kali, allt sáðgras frá fyrri árum dautt. Það er hollt fyrir þá sem forðema ræktun barrskóga að hugleiða grásræktina um leið, og draga síðan ályktanir af hvaða gróður þrifist á Íslandi.

Lerkid virðist vaxa hraðar en aðrar trjátegundir hér um slóðir og næst kemur sitkagrenið. Rauðgrenið þrifst, en vex mjög hægt og er vandlátt með jarðveg.

Skógarfuran er betri en fyrir henni var spáð og alls ekki vonlaust um að hún verði til nytja í framtíðinni. Stafafuran er góð, en vandfarið með hana - virðist bola illa flutning.

Ekkert toppkal kom fram í vor og yfirleitt er ekki ástæða að kvarta um afkomu plantnanna þetta kalda og óblíða ár sem nú er að kveðja.

Vetur frá áramótum var nokkuð frostharður, en snjólétt. Gerði vorblíðu um sumarmál og um 10. maí lét ég gróðursetja 1000 plöntur. Þá gerði kuldkast og seinstu daga maímánaðar var frost allt að 5 gráðum í uppsveitum. Í júní tók að rigna og greri þá nokkuð þrátt fyrir kulda. Kal reyndist mikið. Sumarið var kalt og fraus alla mánuði sumarsins. Haustið úrfellasamt og á veturnóttum komu frost og hríðar, en í nóv. gerði þýðviðri, en umhleypingasamt og úrkomur miklar til áramóta.

Dagleg störf og ferðalög.

I sumar hvíldi á mér öll umsjón daglegs reksturs auk þess var ekkert farartæki nema minn bíll, sem varð jöfnum höndum að nota til flutninga á fólk, plöntum, áhöldum og girðingaefni.

Sem að undanförnu sá ég um skógræktarframkvæmdir Skógræktarfél.

Borgarfjarðar og Kaupfél. Borgfirðinga, Snorragarð, skólana á Varmalandi o.fl. Auk þess fór ég á nokkra fundi, talaði þar og sýndi kvíkmyndir og skuggamyndir. Þá var aðalfundur Skógræktarfél. Íslands haldinn að Bifröst, og var mér falið af hálfu Skógr.fél. Borgarfjarðar að annast móttökur í Norðtunguskógi fyrir þess hönd.

I þetta sinn varð ég að hafa fólkisíð á mörgum stöðum yfir sumarið, meðal annars í Hvammsgirðingu og fékk ég þá húsnæði hjá Dalasmynni í Norðurárdal, var það fundarhús hreppsins og fengum við það endurgjaldslaust.

Eg vann utan míns heimabæjar í 200 daga. Helztu ferðalög voru: Á skógavarðafundi ll. - 18. marz. 14. júní fór ég í Hofsstaðagirðingar á Snæfellsnesi, 28. júní fór ég í Dalasýslu.

26. og 27. sept. fór ég að Skógum í Þorskafirði og ræddi við Jockum Eggertsson, einnig leit ég á girðinguna.

Eg er mjög ánægður yfir þeirri ósk gamla mannsins, að Skógrækt ríkisins taki við Skógagirðingu til framtíðar umráða, en um allt þetta verður að semja nánar skriflega, ef báðir aðilar vilja þennan hátt við hafa.

Auk þess fór ég um héraðið, en langsamlega mestur tími fer í skógræktarstarfið í skógræktargirðingunum og utanum það er margt þegar einn og sami maður á að annast smátt og stórt.

Nú gerist erfitt að fá vinnukraft sem dugur er í. Framboð af unglungum - einkum stúlkum - er mikið. En í mörgum þessum unglungum er lítill dugur oft og tíðum - og því minni áhugi. Akkorðsæfintýrið verður okkur erfitt vegna þess hvernig á því máli var haldið í upphafi, það er oft erfiðara að lækka varð á hlutum en hækka þá.

Mikil umferð er um sumar girðingarnar - einkum Jafnaskarð og í græðireitinn í Norðtunguskógi.

Árið sem er að líða var á margan hátt erfitt - vonandi verður bjartara yfir árinu sem byrjar á morgun.

Eg þakka samstarfið á liðnu ári.

Hreðavatni á gamlaársdag 1962

Skógarvörðunni
á Vesturlandi
Karl Þorfinn Jónasson